



Starfsleyfi

Leyfi við niðurrif eldsneytisgeyma, olúskilja og lagna við gamla Staðarskála 531 Hvammstanga og leyfi fyrir flutning á úrgangi þaðan, til förgunar eða endurvinnslu.

Nafn leyfishafa: Fh. Festi/N1 hf. kt 5402062010-2010, **Valur I. Örnólfsson** kt. 061277-4559.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra veitir umbeðið leyfi samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda, þ.m.t. reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs og meðfylgjandi skilyrða Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Leyfið gildir frá 1. september 2020 til 1. ágúst 2021

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt og einnig ákvæðum III. kafla reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, þar sem fjallað er um skyldur rekstraraðila til að draga úr myndun úrgangs, stuðla að réttri meðhöndlun hans, endurnotkun, endurnýtingu, geymslu og förgun ásamt ákvæðum um þrifnað lóða sem og neðangreindum starfsleyfisskilyrðum sem um starfsemina gilda. Reglugerð nr. 705/2009 um asbestúrgang þar sem markmiðið er að koma í veg fyrir heilsutjón og mengunar af völdum niðurrifs og meðhöndlunar asbestsúrgangs.

Gildissvið:

Starfsleyfið tekur til niðurrifs eldsneytisgeyma, olúskilju, lagna og olúmengaðan jarðveg við gamla Staðarskála sbr. umsókn í tölvupósti dagsetta 27.8.2020.

Leyfið tekur til allra verkþátta við ofangreinda framkvæmd, meðhöndlun á geymum, menguðum jarðvegi og flutningi á honum til endurvinnslu eða förgunar.

Skýrslugerð, endurnýting og förgun á úrgangi:

Úrgangur sem til verður við niðurrifið og ekki skal endurnýttur skal fluttur á brott í viðurkennda förgun. Leitast skal við að skila úrgangi til förgunar með þeim hætti að hann falli sem best að endurvinnsluleiðum móttökuaðila. Öll brennsla á lóð er bönnuð. Gera skal skýrslu um magn og gerð efnis sem fellur til við niðurrif mannvirkja og afdrifum úrgangs.

Spilliefni:

Olúmengaðan jarðveg skal meðhöndla sem spilliefni og koma í viðurkennda förgun, sömuleiðis málmúrgangi menguðum af spilliefnum. Spilliefnum, sem og úrgangi sem mengaður er af spilliefnum, skal halda aðskildum frá öðrum úrgangi. Starfsleyfishafi skal hafa

tiltæk ísogsefni til hreinsunar á hugsanlegum olíuleka af hans völdum. Ef olíumengaður jarðvegur kemur í ljós undan olíutönkum skal starfsleyfishafi tilkynna slíkt til Umhverfisstofnunar. Taka skal sýni úr jarðvegi til að ákvarða styrk mengandi efna í jarðvegi eftir að hreinsun hefur farið fram. Mæla skal olíuefni (TPH, total petroelum hydrocarbons), og BTEX (bensen, tólúen, ethylbensen og xylen). Ef styrkur mælist hærri en viðmiðunarmörk segja til um skal fara fram ítarlegri hreinsun.

Varnir gegn slysum og mengun:

Starfsleyfishafi skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu á meðan á framkvæmd stendur og tryggja góðan frágang athafnasvæðis að verki loknu.

Starfsleyfishafi skal tryggja að engin slysaætta fyrir utanaðkomandi stafi frá starfsemi á framkvæmdatímanum. Starfsleyfi skal skila inn vottorði þess efnis að elsneytistankar séu afgasaðir. Gildir það jafnt um hugsanlegt fok, hrun húshluta og byggingaleifa ásamt aðgengi óviðkomandi að vinnusvæðinu.

Leyfishafi skal leitast við að draga sem mest úr umhverfishávaða við niðurrifið.

Úttektir og eftirlit:

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.

Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Skylt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Meðfylgjandi starfsleyfi eru leiðbeinandi reglur varandi niðurrif húsa og annara bygginga frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

Húnaþing vestra 03.9.2020

Sigríður Hjaltadóttir
heilbrigðisfulltrúi